

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um undirritun samkomulags um Icesave-skuldbindingar í júní 2009.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hver var formlegur aðdragandi þeirrar ákvörðunar að fjármálaráðherra undirritaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkomulag við Breta og Hollendinga um svokallaðar Icesave-skuldbindingar föstudaginn 5. júní 2009?
2. Var ákvörðun um undirritun tekin á ríkisstjórnarfundum eða kynnt á ríkisstjórnarfundum og þá hvenær?
3. Hvaða gögn varðandi málið lágu til grundvallar þeirri afstöðu ríkisstjórnarinnar að fallast á undirritun fjármálaráðherra og með hvaða hætti voru þau kynnt fyrir ráðherrum eða ríkisstjórn í heild?
4. Töldu forsætisráðherra og aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar á þessum tíma að samkomulagið og undirritun þess 5. júní nyti meirihlutastuðnings á Alþingi?

Skriflegt svar óskast.